

Maður og verk- smiðja sýnd á Edinborgarhátíð

Þann 18. þessa mánaðar hófst í Edinborg hin árlega listahátíð, sú 22. í röðinni. Liður í þessum hátíðahöldum er alþjóðleg kvikmyndahátíð. Kvikmyndahátíðin í ár er einkum helguð dokumentarmyndum og skipuleggur m. a. sérstakar dagskrár í tilefni af 70 ára afmæli dr. John Grierson, sem er höfundur og skipuleggjandi merkilegra heimildarmynda, sem áttu blómaskeið sitt á fjórða tug þessarar aldar og hafa raunar haft mikil áhrif allar götur síðan.

Frá Íslandi tekur þátt í þessari alþjóðlegu kvikmyndahátíð Þorgeir Þorgeirsson með kvikmynd sinni **Maður og verksmiðja**. Þessi mynd er 10 mín. heimildarmynd um sildarverksmiðju, án skýringartexta og án hljómlist-ar. Mynd þessi er á dagskrá sýningarinnar mánudaginn 26. ágúst og verður þá sýnd í Cameo Cinema kl. 3 e.h.

Einar Guðnason Reykjavíkur- meistari í golfi

Einar Guðnason varð Reykjavíkurmestari í golfi 1968 eftir geysiharða og tvisýna keppni við Ólaf Bjarka Ragnarsson.

Ólafur Bjarki hafði forystu í keppninni frá upphafi, þar til Einar tókst sérlega vel upp síðasta keppnisdaginn, en þá fór hann hringinn á 76 höggum sem var bezt árangur í keppninni. Tókst Einari að vinna upp forskot Ólafs Bjarka og að lokinni keppninni voru þeir báðir jafnir með 325 högg. Í aukakeppni um meistaratitilinn, 6 holu keppni, sigraði svo Einar Guðnason.

Þriðji í meistaraflokki varð Óttar Yngvason með 329 högg, 4. Eiríkur Helgason með 335 högg og 5. Ólafur Ág. Ólafsson með 340 högg.

Í 1. flokki sigraði Haukur V. Guðmundsson glæsilega með 361 höggi, en Ragnar Jónsson varð annar með 371 högg. Í 2. flokki þar Gunnar Kvaran sigur úr bítum með 408 högg, 2. varð Lárus Arnórsson með 410 högg.

Íslandsmótið – KR-Valur 2:1

KR-ingar eru nú nær örugg- ir sigurvegarar í 1. deild

• Eftir sigur KR-inga í gærkvöld eru þeir aðeins einu stigi frá sigri í 1. deild og segja má að einungis kraftaverk geti komið í veg fyrir að svo verði.

Þessi leikur var á köflum samleikur leikinn af beggja hálfu og saust oft á tíðum vel upp byggðar sóknarlotur og virðist sem knattspyrnan sé nú í ör-litilli framför hér hjá okkur. Á 12. mínútu bar ein af sóknarlótum KR-inga árangur, þegar hár bolti kom inn í vítateig Vals-manna og Sigurður Jónsson hugðist skalla boltann frá marki en hitti hann svo illa að úr varð sjálfsmark, sem Sigurður Dagsson átti enga möguleika á að verja. Aðeins átta mínútur síðar dæmdi Baldur Þórðarson vítaspyrnu á Halldór Einarsson h-bakvörð Vals, þegar boltinn hoppaði í höndina á honum í vítateigshorni. Þessi vítaspyrna er mjög ströng, en stenz þó. Ellert Schram framkvæmdi spyrnuna og skaut á nær mitt markið og Sigurður Dagsson náði að snerta

Liðskönnun

Mikilvægt að sem flestir fylkingarfélagar mæti í Tjarnargötu 20 ekki síðar en kl. 8.30 í kvöld. Æskulýðsfylkingin.



Glervasar, teiknaðir af Jóninu Guðnadóttur, er hún stundaði nám í Svíþjóð.

Sýning á listmunum í Nor- ræna húsinu í næstu viku

Í næstu viku, líklega á mið-
vikudag, verður formlega opnuð
listiðnaðarsýning í Norræna hú-
sinu. Þar verða munir tæplega 50
listamanna frá öllum Norður-
löndunum; myndvefnaður, gler-
vasar, skinnavara og ýmislegt
annað.

Hefur komið til tals að sýn-
ing þessi verði seinna meir send
til hinna Norðurlandanna, en
ekki hefur verið tekin ákvörðun
þar um ennþá.

Norðmaðurinn Roar Høyland
kom hingað til lands fyrir viku
til að velja íslenska muni á
sýninguna og setja hana upp.
Høyland er fæddur í Oslo 1913.
Hann nam í 4 ár við listaaka-
demíuna í Oslo og síðar í Lond-
on og París. Á alþjóðlega bienn-
alnum í Jógóslavíu var honum
veitt gullorða fyrir muni sem
hann teiknaði. Hann rekur nú
teiknistofu í Oslo og fæst auk
þess við kennslu.

Høyland ræddi við fréttamenn
í Norræna húsinu fyrir helgina.
Kvaðst hann hafa orðið undr-
andi á gæðum íslensks iðnaðar;
einna mest fannst honum koma
til íslensks myndvefnaðar. Sagði
ist Høyland hafa hitt íslenska
leirkerasmiði, gullsmiði og fl. að
máli og skoðað verk þeirra.

Af yngri kynslóðinni nefndi
hann sérstaklega Jóninu Guðna-
dóttur (glermunir og keramik),
Guðbrand Jesovskij, gullsmið og
Hauk Sturluson (keramik og
steintau). Öll hafa þau hlotið
menntun sína erlendis. Auk
þeirra verða meðal sýnenda Sig-
rún Jónsdóttir með batik og fl.,
og Ásgerður Búadóttir sem sýnir
myndvefnað. Átti Høyland eftir
að skoða verk fleiri Íslendinga
er hann ræddi við blaðamenn.

Munirnir á sýningunni hafa
bæði listrænt gildi og eru brúk-
legir hvundags eins og sagt er
t.d. leirtau, vasar, hnifapör og
fatnaður úr skinni. Høyland sagði
að lokum að við stæðum á merk-

um tímamótum; listiðnaður yrði
ekki til í framtíðinni því að bil-
ið milli listar og iðnaðar væri
alltaf að breiðka.

Vínbúðin ekki opin til kl. 12 á miðnætti

Að undanförmu hefur sá orð-
rómur verið á kreiki í höfuð-
borginni að yfirvöld ætluðu að
útrýma leynivinsölum og auka
jafnframt tekjur ríkissjóðs dág-
lega með því að hafa áfengis-
verzlunina við Snorrabraut opna
til 12 á hverju kvöldi.

Hafa menn brugðist misjafn-
lega við þessum tíðindum og
kölluðu sumir að lágt væri lotið
að hafa með þessu móti fé út úr
drykkjellum samborgurum og
auka freistingar þeirra, en aðrir
hafa fagnað freistingunni, aukinni
þjónustu og þægindum, áhyggju-
leysi af lokunartímum og háls-
bindum.

Þjóðviljinn bar þennan orðróm
undir fulltrúa lögreglustjóra í dag
og sagðist hann ekki hafa heyrt
hann fyrr og var ekki frá því
að þetta væri óskhyggjan einber.

Bráðkvaddur í Lækjargötu

Sextugur maður varð bráð-
kvaddur í Lækjargötu í gær. Var
hringt til lögreglunnar klukkan
rúmlega 1 e.h. frá Matbarnum í
Lækjargötu 8 og tilkynnt að þar
fyrir utan lægi fullorðinn maður.
Var hann fluttur í sjúkrahús
á Slysavörðstofuna en var látinn
er þangað kom.

Viðræður um viðskipti við Sovét hófust í gær

Í gærmorgun hófust hér í Reykjavík
viðræður Íslendinga og Sovétmanna um
nýjan viðskiptasamning milli landanna,
væntanlega til næstu þriggja ára, en
slíkir rammisamningar hafa verið gerðir
milli Íslands og Sovétríkjanna allt
frá því gagnkvæm viðskipti landanna
hófust á ný fyrir um það bil 15 árum
eftir nokkurra ára hlé á svörtustu tím-
um kalda stríðsins.

Sex sovétkir fulltrúar komu hingað
til viðræðna, en að auki munu starfs-
menn sovétka sendiráðsins hér á landi,
verzlunarfulltrúinn o.fl. taka þátt í við-
ræðunum af hálfu Sovétríkjanna. Í is-
lensku samninganefndinni eru 13 full-
trúar; formaður hennar er Þórhallur Ás-
geirsson ráðuneytisstjóri í viðskipta-
málaráðuneytinu.

ÞJÓÐVILJINN

Þriðjudagur 20. ágúst 1968 — 33. árgangur — 173. tölublað.

Blaðamannanám- skeið til umræðu

■ Stjórnarfundur Norræna blaðamannanámsskeiðsins í Á-
rósum var haldinn hér í Reykjavík í gær, í fyrsta skipti á
Íslandi, en rúmur áratugur er nú liðinn síðan námskeiðum
þessum var komið á fót fyrir frumkvæði Norðurlandaráðs.

Fulltrúar þeir frá hinum
Norðurlöndunum, sem fundinn
sóttu, komu til landsins á sunni-
dagskvöldið og dveljast hér fram
eftir vikunni. Í gær kynntu þeir
sér m.a. starfsemi Morgunblaðs-
ins. Í dag fara þeir upp á Akra-
nes, skoða sementsverksmiðjuna
þar og hvalveiðistöðina í Hval-
firði í bakaleiðinni. Á morgun
verður haldið til Mývatns og Ak-
ureyrar og komið til Reykja-
víkur aftur á fimmtudag, en
þann dag hefur forseti Íslands,
dr. Kristján Eldjárn boð inni
fyrir hina erlendu fundarmenn
og innlenda gesti. Þingvallaför
verður farin á föstudaginn, og
síðan haldið áfram um Laugar-
vatn, að Skálholti, Selfossi, í
Hveragerði. Á laugardaginn kemur
munu margir hinna erlendu
fulltrúa verða viðstaddir víslu
Norræna hússins í Reykjavík, en
utan halda þeir síðar um dag-
inn.

Um allmarga ára skeið hefur
Páll Ásg. Tryggvason deildar-
stjóri í utanríkisráðuneytinu
átt sæti í stjórnarnefnd náms-
skeiðsins fyrir hönd Blaðamanna-
félags Íslands og jafnframt verið

fyrirlesari um íslensk málafni
á námskeiðinu. Hinir útlendu
fundarmenn eru: N. Chr. Christ-
ensen frá Horsens, Kristian Ni-
elsen, Erik Schmidt, Erik Reske-
Nielsen og Bernhard Nielsen,
allir frá Árósum, Henrik von
Bonsdorff og J. Perkki frá Hels-
ingfors, Pentti Salmelin frá
Tammerfors, Oddvar Hellerud
frá Oslo, C. H. Hernlund frá
Stokkhólm og Ingvar Alström
frá Sundsvall. Að auki sátu
fundinn þeir Lars Alfvegren frá
Gautaborg og Ove Stenroth frá
Helsinki. Flestir hinna erlendu
fundarmanna eru með maka sína
með sér.

Ekið á mann

Laust eftir hádegi á sunnudag
var ekið á mann á gatnamótum
Kringlumýrarbrautar og Miklu-
brautar. Hafði hann gengið yfir
götuna á rauðu ljósi. Maðurinn
sem er fæddur 1896 var fluttur
á Slysavörðstofuna. Hafði hann
hlotið áverka á höfði en fékk að
fara heim að lokinni aðgerð.

E. O. í nýju hefti Réttar:

Pólitiska nýsköpun alþýðu- hreyfingarinnar tafarlaust

Annað hefti þessa árgangs af
tímaritinu Rétti er komið út og
eru þar rædd ýms vandamál
sósíalísma á Vesturlöndum og
drepið nokkuð á íslensk efnahags-
mál.

Ritstjórnin, Einar Olgeirsson,
ritar greinina Íhaldskreppa eða
verklyðslausn. Þar segir í upp-
hafi:

„Hrúnið, sem íhaldspólitíkin
hefur leitt yfir landið, blasir við.
Atvinnurekendastétin, sem
reynzt hefur öfar til að stjórna
sínu eigin atvinnulífi og þar með
þjóðarinnar, ætlaði sér þá dul
að lækka kaup verkamanna, þeg-
ar öll vinna hafði stórminnkað og
ársteikjur því gærbreytt til hins
verra.

Verklýðssamtökin svöruðu á-
rásinni, er ríkisstjórn atvinnurek-
enda framið með afnámi vísitlu-
uppþótarinnar á kaup, einum

rómi með hálfsmánaðar verkfalli
í marz. Varnarbaráttan tókst að
mestu, en ekki að fullu. Vígrefi-
ustu verklýðsfélögin ákváðu þó
réttilega að halda hópinn og
ganga að samningum, sem ei voru
fullur sigur, frekar en berjast ein
fyrir fullri dýrtíðaruppþót og
skiljast við stettarsystikin, er að
læggra vildu lúta. Það var skyn-
samlegt, því framundan er um
nýfar hin orlagarikasta kaup-
hækkunarbarátta, þar sem verk-
lýðshreyfingin þarf á öllu sínu
að halda: víðfeðma einingu,
vægðarláusri hörku og pólitísk-
um skilningi á því að kauphækk-
unarbaráttan vinnst ekki nema
verkalýðurinn sé reiðubúinn til
stórfelldrar pólitískrar umskö-
punar á þjóðfélaginu, sem aftur-
haldið hefur með hringaviltlausri

Framhald á 9. síðu.